

Fundargerð

aukafundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 31. ágúst 2004 kl. 10-12

Mættir:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eypórsdóttir, Ríkharð Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Ágúst Sigurðsson (varamaður), Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ævar Petersen.

Fjarverandi: Jón Viðar Jónmundsson

1. Dagskrá

Formleg dagskrá lá ekki fyrir en aðalmál fundarins er afgreiðsla styrkumsókna. Auk þess kynnt bréf sem borist hafa til nefndarinnar.

2. Bréf til erfðanefndar.

Formaður kynnti afrit af bréfi frá Geitfjárræktarfélagi Íslands til yfirdýralæknis þar sem farið er fram á hækkun förgunarbóta vegna niðurskurðar á geitum þar sem riða kemur upp í sauðfé. Ennfremur bréf frá yfirdýralækni til erfðanefndar þar sem beðið er um álit nefndarinnar á því hvort senda eigi fulltrúa yfirdýralæknis á evrópska ráðstefnu um laga- og reglugerðarheimildir til að vernda dýr sem hafa sérstakt verndunargildi þegar skera þarf niður bústofn vegna smitsjúkdóma. Emma svaraði þessu fyrir hönd erfðanefndar og mælti með því að umrædd ráðstefna yrði sótt héðan. Nokkrar umræður urðu um stöðu geitastofnsins í þessu samhengi. Formaður hefur verið í sambandi við Jóhönnu Þorvaldsdóttur vegna styrks sem erfðanefnd veitti til girðinga fyrir geitur. Verkinu hefur seinkað nokkuð en formaður lagði til að eftirstöðvar styrksins yrðu greiddar núna að höfðu samráði við Eirík Blöndal. Þessi tillaga var samþykkt.

3. Umsóknir um styrki til erfðanefndar

Formaður lagði fram yfirlit um umsóknir sem borist hafa en umsóknirnar höfðu nefndarmenn fengið fyrir fundinn. Umsóknir voru ræddar og metnar og niðurstöður voru eftirfarandi:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Sótt um kr.	Veittur styrkur
Freyr Ævarsson	Frostþol alaskaaspar Mastersverkefni v. H.Í.	500 þús.	600 þús
Sigríður Björnsdóttir Embætti yfirdýralæknis	Kortlagning erfðamarka sem tengjast sumarexemi í hrossum	500 þús	500 þús
Jón H. Sigurðsson	Í hestalitunum. Geisladiskur um hestaliti.	500 þús.	300 þús
Jóhanna Harðardóttir Eigenda- og ræktendafélag landnámsþænsna	Kynningarstörf	500 þús	0
Leó A. Guðmundsson	Erfðasamsetning lax í Elliðaánum og hugsanlegar breytingar á henni. Mastersverkefni H.Í.	700 þús	600 þús
SAMTALS		2.700 þús	2000 þús

Ákveðið var að veita báðum mastersnemunum sömu upphæð óháð mun á upphæð umsókna. Umsókn frá Eigenda- og ræktendafélagi landnámsnámsná var óskilgreind og hafnað á þeirri forsendu auk þess sem félagið fékk styrk frá nefndinni á síðasta ári. Geisladiskur um hestaliti er þegar kominn út og því sótt um styrk eftir á.

Formaður gengur frá bréfum til umsækjenda um afgreiðslu nefndarinnar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.

EE ritaði fundargerð